

Áherslur Stúdenta í HÍ26

Niðurstöður stefnumótunar SHÍ 2023

Aðdragandi

Stefnumótunardagur Stúdentaráðs fór fram þann 8. júlí 2023. Stefnumótunin er fyrir öll sem tilheyra Stúdentaráði, þ.e. aðalfulltrúa Stúdentaráðs, varafulltrúa, sviðsráðsmeðlimi og nefndarmeðlimi. Alls tóku 27 fulltrúar þátt í stefnumótuninni. Meðal verkefna dagsins var að kortleggja áherslur stúdenta í stefnu háskólans, HÍ26. Ákveðið var að skoða hvernig ráðinu þætti mikilvægt að forgangsraða verkefnum, þ.e. kanna hvaða verkefni þeim þætti mikilvægast að yrðu framkvæmd fyrir 2026, þegar ný stefna tekur við. Ákveðið var að vinna áherslur ráðsins upp úr skýrslunni *HÍ26 og stúdentar*, sem Isabel Alejandra Diaz vann á rektorsskrifstofu. Í skýrslunni eru áherslur stúdenta kjarnaðar og fylgja þeim tillögur og athugasemdir. Þær áherslur sem Isabel dregur fram í skýrslunni voru lagðar fyrir stúdentaráðsliða og þeir beðnir um að velja þrjár áherslur sem lægi mest á og forgangsraða þeim. Áherslunum er skipt upp í verkefnastofna svo hver hópur endar með þrjár mikilvægustu áherslur öllum fjórum verkefnastofnunum. Hópnum var skipt upp í fimm minni hópa. Hóparnir töluðu ekki saman sín á milli og því í raun ótrúlegt hve lík svör þeirra eru. Ráðið er í stórum dráttum sammála um hvaða verkefni ættu að vera sett í forgang. Hér að neðan eru niðurstöður hópanna settar fram auk samantektar á helstu atriðunum sem hægt er að draga úr niðurstöðunum.

Sjálfbærni og fjölbreytileiki:

Umhverfisvernd og sjálfbærni á öllum sviðum er stúdentaráði mikilvæg. Ráðið vill að Háskóli Íslands sýni samfélagslega ábyrgð þegar kemur að því að styðjast við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, skólinn ætti að vera fyrirmynd annarra stofnana í þessum málaflokki. Háskólinn ætti að vinna að því að verða kolefnishlutlaus og leggja sérstaka áherslu á verkefni og rannsóknir tengdar sjálfbærni. Þegar kemur að fjölbreytileika vill stúdentaráð leggja sérstaka áherslu á að komið sé til móts við nemendur með annað móðurmál en íslensku og þeim veitt viðeigandi þjónusta. Einnig er skýrt að ráðið vill að skólinn leggi áherslu á samskipti við hagsmuna- og nemendafélög stúdenta innan Háskóla Íslands.

Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3	Hópur 4	Hópur 5
<i>Sjálfbærni og fjölbreytileiki</i>	<i>Sjálfbærni og fjölbreytileiki</i>	<i>Sjálfbærni og fjölbreytileiki</i>	<i>Sjálfbærni og fjölbreytileiki</i>	<i>Sjálfbærni og fjölbreytileiki</i>
Erlendir nemendur: Komið sé til móts við nemendur með annað móðurmál en íslensku og þeim veitt viðeigandi þjónusta.	Samskipti við félög stúdenta: Betrumbæta samskipti svið hagsmuna- og nemendafélög innan Háskóla Íslands. Þau þekkja oft betur til stöðu jaðarsettra hópa	Samfélagsleg ábyrgð: Háskóli Íslands er uppspretta framþróunar og velferðar samfélagsins og verður því að styðjast við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.	Umhverfisvernd í námi: Háskóli Íslands sé leiðandi í umræðu og baráttunni við loftslagsvánni.	Þekkingarmiðlun: Upplýsa/gera grein fyrir rannsóknum eða verkefnum sem eiga erindi inn í samfélagsumræðu og eru jafnvel í nákvæmum takt við það sem er að gerast í
Samfélagsleg ábyrgð: Háskóli Íslands er uppspretta framþróunar og velferðar samfélagsins og verður því að styðjast við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.	Kolefnisjöfnun: Kolefnishlutleysi í starfi og samgöngum.	Þekkingarmiðlun: Upplýsa/gera grein fyrir rannsóknum eða verkefnum sem eiga erindi inn í samfélagsumræðu og eru jafnvel í nákvæmum takt við það sem er að gerast í heiminum	Samskipti við félög stúdenta: Betrumbæta samskipti svið hagsmuna- og nemendafélög innan Háskóla Íslands. Þau þekkja oft betur til stöðu jaðarsettra hópa	Kolefnisjöfnun: Kolefnishlutleysi í starfi og samgöngum.
Samskipti við félög stúdenta: Betrumbæta samskipti svið hagsmuna- og nemendafélög innan Háskóla Íslands. Þau þekkja oft betur til stöðu jaðarsettra hópa	Erlendir nemendur: Komið sé til móts við nemendur með annað móðurmál en íslensku og þeim veitt viðeigandi þjónusta.	Umhverfisvernd í námi: Háskóli Íslands sé leiðandi í umræðu og baráttunni við loftslagsvánni.	Sjálfbærni í rekstri: Háskóli Íslands sé með skýra sýn á samvinnun heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við HÍ26 og ráðist í nauðsynlegar kerfislæ	Loftslagsmál í kennslu: Loftslagsmál verði tekin upp í sem flestum áföngum háskólans.

Opinn og alþjóðlegur:

Allir hópar, utan eins, voru sammála um mikilvægi þess að auka framboð starfsnáms í HÍ, þrír hópar nefndu svo að þau myndu vilja sjá aukinn fjölda nemendadrifinna verkefna sem myndu ýta undir sjálfstæð vinnubrögð. Aftur kemur fram áhersla ráðsins á aukna þjónustu við erlenda nemendur, eins og kom fram í niðurstöðum Sjálfbærni og fjölbreytileikastofnsins.

Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3	Hópur 4	Hópur 5
<i>Opinn og alþjóðlegur</i>	<i>Opinn og alþjóðlegur</i>	<i>Opinn og alþjóðlegur</i>	<i>Opinn og alþjóðlegur</i>	<i>Opinn og alþjóðlegur</i>
Starfsnám: Auka framboð starfsnáms þannig að stúdentar hafi tækifæri á áþreifanlegri þjálfun og öðlist reynslu og þekkingar á hugsanlegum atvinnumöguleikum	Starfsnám: Auka framboð starfsnáms þannig að stúdentar hafi tækifæri á áþreifanlegri þjálfun og öðlist reynslu og þekkingar á hugsanlegum atvinnumöguleikum	Starfsnám: Auka framboð starfsnáms þannig að stúdentar hafi tækifæri á áþreifanlegri þjálfun og öðlist reynslu og þekkingar á hugsanlegum atvinnumöguleikum	Erlendir nemendur á vinnumarkaði: Stuðningur við erlenda nemendur og Stúdentaráð við að greiða leiðina fyrir þá nemendur til að vinna og eiga í sig og á.	Nemendadrifin verkefni Gera nemendum kleift að spreya sig á raunverulegum verkefnum, vinna saman að því að leita lausna og ýta þannig undir sjálfstæð vinnubrögð
Þjónusta við erlenda stúdenta: Stúdentar með annað móðurmál en íslensku fá viðeigandi námsaðstoð	Nemendadrifin verkefni Gera nemendum kleift að spreya sig á raunverulegum verkefnum, vinna saman að því að leita lausna og ýta þannig undir sjálfstæð vinnubrögð	Nemendadrifin verkefni Gera nemendum kleift að spreya sig á raunverulegum verkefnum, vinna saman að því að leita lausna og ýta þannig undir sjálfstæð vinnubrögð	Starfsnám: Auka framboð starfsnáms þannig að stúdentar hafi tækifæri á áþreifanlegri þjálfun og öðlist reynslu og þekkingar á hugsanlegum atvinnumöguleikum	Þjónusta við erlenda stúdenta: Stúdentar með annað móðurmál en íslensku fá viðeigandi námsaðstoð
Nýsköpun í þverfaglegu samstarfi: Mikilvægt að grunnnemar upplifi strax á fyrsta degi að Háskólinn sé gróður mold fyrir nýjar hugmyndir	Aukið samstarf: Fleiri námsleiðir sem ganga upp saman og meira samræmi. Samstarf milli fræðasviða og dreginn sé lærdómur af því sem vel er gert á öðrum sviðum.	Þjónusta við erlenda stúdenta: Stúdentar með annað móðurmál en íslensku fá viðeigandi námsaðstoð	Þjónusta við erlenda stúdenta: Stúdentar með annað móðurmál en íslensku fá viðeigandi námsaðstoð	Aurora: Gera Aurora hærra undir höfði og tækifærin sem í því felast handa stúdentum greinilegri.

Afl á grunni gæða:

Flestum hópanna fannst mikilvægt að efla fjarnám við Háskóla Íslands með markvissum hætti með það að markmiði að fleiri námsleiðir verði í boði í fjarnámi. Að auki var lögð áhersla á að rafræna kennsluhættir, sem mikilvægt aðgengismál. Einnig var kallað eftir fjölbreyttara námsmati. Stúdentaráð leggur einnig ríka áherslu á að boðið verðið upp á fjölbreyttari námsleiðir fyrir fólk með þroskahömlun.

Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3	Hópur 4	Hópur 5
<i>Afl á grunni gæða</i>	<i>Afl á grunni gæða</i>	<i>Afl á grunni gæða</i>	<i>Afl á grunni gæða</i>	<i>Afl á grunni gæða</i>
Fjarnám: Efla fjarnám með mjög markvissum hætti þannig að fleiri námsleiðir standi fólki til boða. Þó ekki gert með því að færa allt nám yfir á rafrænt form.	Aðgengi að námi: Mikilvægt að öll geti stundað nám við sitt hæfi og á sínum forsendum, því þarf að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir fyrir nemendur með þroskahömlun	Fjarnám: Efla fjarnám með mjög markvissum hætti þannig að fleiri námsleiðir standi fólki til boða. Þó ekki gert með því að færa allt nám yfir á rafrænt form.	Fjarnám: Efla fjarnám með mjög markvissum hætti þannig að fleiri námsleiðir standi fólki til boða. Þó ekki gert með því að færa allt nám yfir á rafrænt form.	Aðgengi að námi: Mikilvægt að öll geti stundað nám við sitt hæfi og á sínum forsendum, því þarf að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir fyrir nemendur með þroskahömlun
Heimasíða HÍ: Notendavænni heimasíða og jöfn upplýsingagjöf á mismunandi tungumálum.	Framhaldsnám: Meistara- og doktorsnám sem stenst kröfur hefur áhrif á stöðu HÍ á alþjóðavísu og aðsókn nemenda í skólann. Hvoru tveggja verður að efla	Jafnræði milli fræðasviða: Rannsóknvarinnviðir og styrkir standi til boða þvert á svið og öll séu hvött til sækja um og leggja stund á fjölbreyttar rannsóknir.	Rafrænir kennsluhættir: Hópur stúdenta er fjölbreyttur og er mikilvægt að háskólinn reyni að mæta þörfum hans eins og hægt er.	Fjarnám: Efla fjarnám með mjög markvissum hætti þannig að fleiri námsleiðir standi fólki til boða. Þó ekki gert með því að færa allt nám yfir á rafrænt form.
Fjölbreytt námsmat: Hugsu um kennslumál út frá hagsmunum heildarinnar, þau séu fjölbreyttari en tryggja samt gæði náms.	Rafrænir kennsluhættir: Hópur stúdenta er fjölbreyttur og er mikilvægt að háskólinn reyni að mæta þörfum hans eins og hægt er.	Aðgengi að námi: Mikilvægt að öll geti stundað nám við sitt hæfi og á sínum forsendum, því þarf að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir fyrir nemendur með þroskahömlun	Stafrænar lausnir: Stafræn umbylting í þjónustu við stúdenta.	Fjölbreytt námsmat: Hugsu um kennslumál út frá hagsmunum heildarinnar, þau séu fjölbreyttari en tryggja samt gæði náms.

Góður vinnustaður:

Athygli vekur að allir hóparnir höfðu áhyggjur af fjármögnun Háskóla Íslands. Stúdentaráð hefur ítrekað sýnt fram á að ónæga fjármögnun HÍ í samanburði við Norðurlöndin. Einnig lagði Stúdentaráð áherslu á mikilvægi þess að byggja upp grunnþjónustukjarna í Vatnsmýri ásamt því að setja geðheilbrigðismál og aðgengismál í forgrunn.

Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3	Hópur 4	Hópur 5
Góður vinnustaður	Góður vinnustaður	Góður vinnustaður	Góður vinnustaður	Góður vinnustaður
Geðheilbrigðismál: Geðheilbrigði og vellíðan stúdenta áfram í forgrunni.	Fjármögnun Háskóla Íslands: Endurskoðun á fjárframlögum ríkisins m.t.t. opinberrar háskólamenntunar á Norðurlöndunum ásamt endurskoðun á öðrum fjármögnunarleiðum	Fjármögnun Háskóla Íslands: Endurskoðun á fjárframlögum ríkisins m.t.t. opinberrar háskólamenntunar á Norðurlöndunum ásamt endurskoðun á öðrum fjármögnunarleiðum	Fjármögnun Háskóla Íslands: Endurskoðun á fjárframlögum ríkisins m.t.t. opinberrar háskólamenntunar á Norðurlöndunum ásamt endurskoðun á öðrum fjármögnunarleiðum	Fjármögnun Háskóla Íslands: Endurskoðun á fjárframlögum ríkisins m.t.t. opinberrar háskólamenntunar á Norðurlöndunum ásamt endurskoðun á öðrum fjármögnunarleiðum
Fjármögnun Háskóla Íslands: Endurskoðun á fjárframlögum ríkisins m.t.t. opinberrar háskólamenntunar á Norðurlöndunum ásamt endurskoðun á öðrum fjármögnunarleiðum	Grunnþjónustukjarni í Vatnsmýrinni: Sérstök áhersla á lágvöruverðsverslun, heilsugæslu og húsnæði fyrir stúdenta en einnig annars konar tilfallandi þjónustu.	Geðheilbrigðismál: Geðheilbrigði og vellíðan stúdenta áfram í forgrunni.	Góð aðstaða: Aðstaða fyrir kennslu og rannsóknarstarfsemi verður að uppfæra reglulega og í samráði við hlutaðeigandi.	Aðgengismál: Gott aðgengi í húsakynnum skólans er liður í því að nemendur geti stundað þverfræðilegt nám án hindrana.
Grunnþjónustukjarni í Vatnsmýrinni: Sérstök áhersla á lágvöruverðsverslun, heilsugæslu og húsnæði fyrir stúdenta en einnig annars konar tilfallandi þjónustu.	Ráðstöfun fjármagns: Bætt fjárheimild geri skólanum kleift að sinna grunnstarfsemi sinni, sem einkum er byggð á tveimur stólpum kennslumála og rannsókna.	Fræðsla fyrir kennara og stjórnendur: Aukin fræðsla og skilningur gagnvart jaðarsettum hópum t.a.m. hinseginsamfélaginu, fólk með fötlun og kvenkyns stúdentum.	Aðgengismál: Gott aðgengi í húsakynnum skólans er liður í því að nemendur geti stundað þverfræðilegt nám án hindrana.	Grunnþjónustukjarni í Vatnsmýrinni: Sérstök áhersla á lágvöruverðsverslun, heilsugæslu og húsnæði fyrir stúdenta en einnig annars konar tilfallandi þjónustu.